

brigða fyrr en hann er búinn fyrst að þvo sjer öllum og hárið með úr linu **22**  
 karbólvatni eða linu klórkalksvatni, og síðan að lauga sig úr hreinu vatni eða **24. febr.**  
 kerlaug og hefir farið í hrein föt. Með allan fatnað hans, sem hann hefir brúk-  
 að, meðan á sjúkdómnum stóð, skal farið eins og áður er getið.

Þeir, sem eiga við hreinsun herbergja eða húsgagna, ættu að rjettu lagi  
 að vera í sjerstökum fatnaði (ljereptsbúningi og hafa á höfði ljereptshúfu með  
 skygni bæði framan og aptan), sem að sjálfsögðu sje síðar farið með á sama  
 hátt og áður er getið um hreinsun fatnaðar. Þeir verða og að hreinsa sig á  
 líkan hátt og sjúklingurinn, þegar þeir eru búnir að sínu verki.

Enginn skal neyta þeirra matvæla (vatns, mjólkur o. s. frv.), sem  
 sóttnæmi kynni að hafa borizt í, nema þau sjeu soðin rjett áður; hafi liðið nokk-  
 ur tími frá því þau voru soðin, skal sjóða þau upp aptur.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 24. febr. 1897.

**Magnús Stephensen.**

*Jón Magnússon.*

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um **23****  
**tiundarfrádrátt vegna vanhalds.** — Þjer hafið, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, **18. febr.**  
 dagsettu 16. þ. m., beiðzt úrlausnar minnar á eptirrituðum fyrirspurnum frá  
 hreppstjóranum í Nesjahreppi í Skaptafellssýslu:

1. hvort rjett sje að lækka ær í tíund fyrir lömb, sem vanta af fjalli, þegar  
 hausthreppaskil sjeu haldin, þannig að jafnmargar ær, og lömb vantaði,  
 yrðu þá lagðar í tíund sem lambsgotur;
2. hvort rjett sje að lækka ær í tíund á hausthreppaskilum fyrir lömb, sem  
 vist væri um að hefðu drepizt að sumrinu;
3. hvort rjett sje að fella þá hesta úr tíund að haustinu, sem slegnir hafa  
 verið af annaðhvort vegna aldurs eða fyrir fódurskort eiganda;
4. hvort rjett sje að fella þá hunda úr framtali á hausthreppaskilum, sem  
 eigendurnir hafi drepizt að sumrinu eptir vorhreppaskil, og
5. hvort rjett sje að hreppstjóri þurfi eigi að geta þeirrar tíundar í  
 skýrslum sínum, sem sje við framtal á vorþingi 73 áln. (60 áln. og þar  
 yfir), en lækki svo við vanhöld og sjöundarfrádrátt, að eptir verði að eins 46  
 áln. (minna en 60 áln.)

Hafið þjer látið það álit yðar í ljós

um 1. fyrirspurnina, að henni beri að svara neitandi, því að auk þess sem  
 vöntun lambs af fjalli sje engi sönnun fyrir því, að það hafi farið, þá sje þess  
 að gæta, að ærin með lambi sje skoðuð sem ein heild, eins og hún komi fyrir  
 í fardögum, og í tiundarlögum sje ekkert tekið fram um það, að ærin skuli  
 skoðuð öðru vísi eða lækkuð í tíund, þótt hún komi fram lamblaus að haustinu  
 til. Ennfremur látið þjer þess getið, að vanhöld þau, sem sjeu fólgin í því, að  
 lambið komi eigi fram, eða vanti, sjeu tekin til greina á þann hátt, að sjöundi  
 hluti fjenadarins er felldur úr tíund.

5. dag marzmán. 1897.

**23** Um 2. fyrirspurnina hafið þjer látið í ljós, að henni beri að svara neitandi, 18. febr. samkvæmt því sem tekið sje fram um 1. fyrirspurnina;

Um 3. og 4. fyrirspurnina hafið þjer tekið það fram, að á því geti engin tvímæli legið, að þeim beri að svara neitandi.

Um 5. fyrirspurnina hafið þjer tekið það fram, að hreppstjóri verði auðvitað að geta þess framteljanda í hreppaskilabókinni, er á vorþingi telur fram  $\frac{1}{2}$  hndr gjaldskylt, eða meira, þótt vanhaldafrádráttur gjöri það eptir á að verkum, að tíundin lækki niður fyrir þetta takmark, og hafið að öðru leyti skírskotað til skýrsluforms þess, sem prentað er aptan við hreppstjórarreglugjörðina, sbr. Stjórnartíðindi 1880, B. bls. 87.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er yður samdóma um að svara ber neitandi 1., 3. og 4. fyrirspurninni, svo og hinni 2. fyrirspurn að því er snertir þær ær, er fært er frá, en aptur á móti virðist frádáttur leyfilegur, er ær, sem sleppt hefir verið eða sloppið hafa á fjall með lörbum, missa undan sjer áður en hausthreppaskil fara fram. Að því er snertir 5. fyrirspurnina, þá er jeg yður samdóma um það, sem þjer takið fram um hana, þó svo, að eigi virðist ástæða til að geta annara á hinni endilegu skýrslu um framtal til lausafjár-tiundar, en þeirra er gjaldskylda tíund gjöra,  $\frac{1}{2}$  hndr. eða meira, að frádregnum vanhöldum.

Að endingu skal þess getið, að úrlausn þessara fyrirspurna heyrir, að 5. fyrirspurninni undanskilinni, undir dómstólana.

**24** Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Ísafjardarsýslu um notkun utanrík-  
isskipa til hvalaveiða við Ísland. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 27. f. m., hafið 22. febr. þjer, herra sýslumaður, skýrt frá því að það hafi á síðustu árum tíðkapt meðal hvalaveiðamanna í sýslu yðar, að þeir noti norsk gufuskíp, er þjer hafi tekið á leigu og hafi mestmegnis til vöruflutninga til landsins og frá því, einnig til aðstoðar við hvalaveiðar sínar á þann hátt, að þjer ýmist láti þá fylgja hvalabátunum til hafs og þjer taka hvalina jafnóðum og þjer eru skotnir og flytja til lands, eða sendi þau á hafnir til að sækja hvali, er fluttir hata verið þangað til bráðabirgða af hvalabátunum. Jafnframt hafið þjer beiðzt úrlausnar minnar á því

1. hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að hvalaveiðamenn noti leigð útlend gufuskíp til þess að sækja hvali til hafs og til fjarða og hafna innan lands, og
2. hvort skoða beri skip þessi sem fiskiskíp, þegar þau eru í hvalsóknnum til hafs eða til hafna eða fjarða innan lands.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar, að, með því að hinar umræddu hvalaveiðar fara að minnsta kosti að nokkru leyti fram í landhelgi, — veiðinni virðist eigi vera lokið fyr en hvalurinn er aunaðhvort kominn í skip eða í land, — þá má að eins nota til veiðarinnar innanríkisskip, samkvæmt 2. og 3. gr. í opnu brjefi 7.